

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**3. fundur 2021 (103. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.03.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Pétur Bolli Jóhannesson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

**1. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. B svæði, byggingarmagn**

Auglýst hefur verið og send til umsagnaraðila lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar varðandi byggingarmagn á B svæði. Eftirfarandi aðilar sendu inn umsögn og gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Isavia
- Umhverfisstofnun
- Reykjanesbær
- Suðurnesjabær

Tveir hinna síðast nefndu höfðu samþykkt umsögn, en hún hafði ekki borist þegar fundur skipulagsnefndar var haldinn.

Auk þess sendi Skipulagsstofnun inn umsögn með bréfi, dags. 04.03.2021, þar sem bent er á að í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni þurfi að vera skipulagsákvæði um hvar og hvernig uppbyggingu skuli vera háttáð, sbr. það sem fram kemur í lýsingunni að aukið byggingarmagn muni ekki hafa áhrif á aðliggjandi svæði eða einstaka aðila, til leiðbeinigar fyrir breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Viðbrögð við ábendingu Skipulagsstofnunar eru að í skipulagstillögu er bætt við nýjum kafla 4.3 þar sem gerð er grein fyrir hvernig nýjum heimildum er varið.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna þannig breytta.

**2. Deiliskipulag, breyting á NA svæði. Ný staðsetning Silfurhliðs**

Lagt var fram erindi Isavia með uppdrætti, ódags., þar sem sótt er um að stofna nýja lóð, Pétursvöllur 34, þar sem fyrirhugað er að reisa þjónustuhús og aðgangshlið.

Að mati skipulagsnefndar er um minniháttar breytingu á deiliskipulagi að ræða og því fari fram grenndarkynning meðal þeirra aðila sem hagsmuna hafi að ræða. Að mati skipulagsnefndarinnar eru engir hagsmunaaðilar varðandi skipulagsbreytinguna aðrir en Isavia sem er umsækjandi breytingarinnar. Grenndarkynningin fellur því niður.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulagi NA svæðis.

**3. Deiliskipulag, breytt umferðarskipulag norðan FLE. Hringtorg við Kríuvöll og tenging við Reykjanesbraut**

Lagður var fram uppdráttur, ódags., þar sem gerð er tillaga að nýju skipulagi umferðar norðan Flugstöðvarinnar sem gilda skuli þar til Flugstöðin hefur verið stækkuð til norðurs og nógildandi skipulags getur orðið að veruleika.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa þessa breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

**4. Suðurnesjabær, endurskoðun aðalskipulags**

Lögð var fram skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags hins nýja sameinaða sveitarfélags Suðurnesjabæjar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna en vekur athygli á að taka þarf tillit til gildandi skipulagsreglna Keflavíkurflugvallar við skipulagsgerðina.

**5. Þjónustuvegur – framkvæmdaleyfi**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 18.03.2021, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna nýs þjónustuvegar frá Aðaltorgi við Reykjanesbraut að vegtengingu við Pétursvöll innan haftasvæðis FLE ásamt malarpúða.

Umrædd framkvæmd er í samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið.

**6. Landsskipulagsstefna**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 09.03.2021, þar sem kynnt er umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015 – 2026.

**7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 26. apríl 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)